



Félag háskólakennara

Skýrsla stjórnar Félags háskólakennara félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana starfsárið 2020 - 2021

Hlutverk félagsins er skilgreint í 2. grein laga þess og er eftirfarandi:

- að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna og fara með samningsumboð fyrir félagsmenn.
- að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur
- að stuðla að samvinnu og samstöðu meðal félagsmanna
- að efla símenntun félagsmanna og stuðla að eflingu rannsókna
- að vera í fyrirsvari fyrir félagsmenn gagnvart skyldum innlendum og erlendum félagasamtökum.

Stjórnin telur skýrsluna endurspegla þessi hlutverk félagsins.

Fjöldi félagsmanna 1. október 2020, skipting eftir stofnunum og starfsheitum:

HÍ	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Dósentar</i>	126	105,7
<i>Lektorar</i>	154	116,2
<i>Stjórnsýsla</i>	336	308,1
<i>Aðjúnktar I og II</i>	144	83,5
<i>Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn</i>	22	19,3
<i>Nýdóttorar</i>	76	64,0
<i>Meistara – og doktorsnemar</i>	170	142,2
<i>Rannsóknarmenn</i>	86	60,7
HÍ alls	1.114	899,7
Árnastofnun alls	45	38,6
Raunvísindastofnun alls	90	79,7
Landsbókasafn alls	24	22,7
Keldur alls	7	4,5
Félag háskólakennara ALLS	1.280	1.045,2

Samkvæmt skýrslu stjórnar frá starfsárinu 2019-2020 þá var fjöldi félagsmanna í desember 2019 samtals 1.224 og því er fjölgun félagsmanna milli ára rúm 4%. Þar munar mest um fjölgun meistara- og doktorsnema, milli ára.

Stjórn

Stjórn Félags háskólakennara starfsárið 2020 - 2021 skipuðu eftirfarandi:

Baldvin Zarióh, formaður (deildarstjóri).

Ármann Höskuldsson, meðstjórnandi (vísindamaður).

Berglind Eva Benediktsdóttir, varaformaður (dósent).

Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri (bókasafn).

Íris Davíðsdóttir, ritari (rekstrarstjóri).

Jens Hjörleifur Guðmundsson, meðstjórnandi (lektor).

Sævar Ingþórsson, meðstjórnandi, (dósent).

Á starfsárinu voru samtals 12 stjórnarfundir.

Starfsmaður

Fastráðinn starfsmaður félagsins er Helga Birna Ingimundardóttir, framkvæmdastjóri.

Skrifstofa

Heimilisfang og aðsetur félagsins er Bændahöllin við Hagatorg, suðurenda 2. hæð.

Trúnaðarstörf

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 3. júní sl. var Berglind Eva kosin varaformaður félagsins, Íris Davíðsdóttir ritari og Guðmundur Ingi Guðmundsson gjaldkeri.

Íris Davíðsdóttir var kosin formaður stjórnar Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara (SFH).

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi var kosinn Jens Guðmundur Hjörleifsson og varamaður var kosinn Guðmundur Ingi Guðmundsson.

Í siðanefnd HÍ var skipaður fyrir hönd félagsins, Henry Alexander Henrysson.

Skoðunarmenn reikninga eru Sigríður Jónsdóttir og Reynir Örn Jóhannsson.

Kjörnefnd var kosin á aðalfundi 2020 og hana skipa Sigríður Jónsdóttir, Sverrir Guðmundsson og Kristín Harðardóttir.

Trúnaðarmenn félagsins eru tæplega tuttugu að tölu. Mikilvægt er að félagið hafi tengiliði á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa.

Félag háskólakennara hvetur félagsmenn að kjósa trúnaðarmenn á sinni starfsstöð og mun veita þá aðstoð sem þarf.

Starfsárið, störf stjórnar

Alls hafa verið haldnir 12 stjórnarfundir á starfsárinu. Ýmis málefni hafa verið á borði stjórnar og gert er grein fyrir þeim helstu hér á eftir. Vegna heimsfaraldurs hafa flestir fundir stjórnar farið fram á fjarfundum og sá háttur hefur gefist vel. Stjórn hefur einnig skipt með sér verkum og verkefnum undirnefnda sem hefur kallað á ýmsa aukafundi.

Kjarasamningur félagsins sem undirritaður var 3. janúar 2020 gildir til 31. mars 2023 og því hafa ekki verið um formlegar kjaraviðræður í gangi á starfsárinu. Hins vegar hafa mörg kjaratengd mál verið á borði samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál þennan veturinn og óvenju margir fundir haldnir í nefndinni, flestir fjarfundir.

Samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál:

Vinnutímastytting stjórnarsýslu. Samkvæmt fylgiskjali 1 í kjarasamningi félagsins dags. 3. janúar 2020 var samið um útfærslu vinnutímans sem taka átti gildi 1. janúar 2021. Á fræðsludegi stjórnarsýslu HÍ þann 11. september 2020 fór fram samtal við starfsfólk um styttinguna og skipað í undirhópa með m.a. fulltrúum stjórnar félagsins. Kosið var um tvær leiðir þann 17. desember 2020 og staftsmenn kusu fulla styttingu vinnuvikunnar þ.e. úr 40 stundum í 36 stundir. Þetta málefni var til umfjöllunar í samráðsnefnd á mörgum fundum bæði í aðdraganda könnunarinnar og í eftirfylgni hennar ásamt vinnu við tillögum að ýmsum túlkunum vegna þessarar breytinga á vinnutíma starfsfólks í stjórnarsýslu.

Stig vegna sérstakrar vinnu staftsfólks stjórnarsýslu á tímum COVID-19. Stjórn félagsins sendi formlegt bréf þann 17. ágúst 2020 til samráðsnefndar um kjaramál, þar sem vakin var athygli á því ósamræmi að umbuna ætti einum hópi félagsmanna umfram aðra vegna álags á tímum COVID-19. Því var lagt til að starfsfólki stjórnarsýslu verði umbunað með þremur aukastigum í starfsmati. Erindi félagsins var svarað þann 2. mars. sl. þar sem fram kom að ekki þykir ástæða til að veita sérstaklega þrjú stig í starfsmati. Málið er enn til umræðu í samráðsnefnd.

Heildarstofnanasamningur. Unnið var að því að fella þær breytingar sem gerðar voru á stofnanasamningi félagsins og HÍ þann 3. janúar við eldri heildarstofnanasamning. Einnig var orðalag kjarasamnings, um tímabundna umbun, felld inn í stofnanasamninginn ásamt því að samið var um þrep vegna nýrra starfsheita, rannsóknalektora og rannsóknadósentu og ákvæði um menntun úr SKREFI færð inn í texta samningsins. Heildarstofnanasamningur félagsins og HÍ var undirritaður þann 5. mars sl. og var birtur sama dag á vefsvæði félagsins.

SKREF: Félag háskólakennara hefur ítrekað óskað eftir því að stig félagsmanna sem taka laun sín skv. stigamatskerfi SKREF verði gerð aðgengileg félagsmönnum. Þeirri vinnu lauk í apríl og geta félagsmenn nú séð stig sín skv. SKREFi í Uglu.

Nýdoktorasjóður: Félag háskólakennara hefur lagt mikla áherslu á það í gegnum tíðina að fá skrifaðar reglur um nýdoktorasjóð. Félagið lagði til tillögur að reglum á fundi samráðsnefndar í október 2020. Reglurnar voru lagðar fyrir og samþykktar í háskólaráði þann 15. apríl 2021.

Í samráðsnefnd háskólaráðs hefur einnig verið rætt m.a. um málefni aðjunktta I, aðjunktta II, árangurstengda tilfærslu starfsþátta, heimatengingar starfsfólks á tímum COVID-19, réttindi doktorsnema s.s. vegna veikinda, áhrif COVID-19 á rannsóknir akademískra starfsmanna og málefni stundakennara. Þá var ákveðið að þýða heildarstofnanasamning félagsins og HÍ á ensku, ásamt reglum vinnumatssjóðs og reglum nýdoktorasjóðs og hefur það verið birt á heimasíðu Fh.

Samstarfsnefndir tengdra stofnana:

Félagið hefur átt fundi með Landsbókasafni-háskólabókasafns (LBS) vegna ýmissa atriða í stofnanasamningi og vinnutímabreytinga. Þess ber að geta að samið var um að vinnutímastytting á LBS sbr. kjarasamning, tók gildi þann 1. september 2020.

Skrifað var undir breytingar á stofnanasamningi við Raunvísindastofnun þann 12. maí 2020 og við Árnastofnun þann 15. júní 2020, vegna ákvæða í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra.

Fedon:

Á aðalfundi Félags háskólakennara í maí 2020 var skorað á stjórn félagsins að endurskoða ákvæði í lögum félagsins um aukaaðild. Á aðalfundinum var lögð fram tillaga um fulla aðild þeirra sem ráðnir eru tímabundinni ráðningu á grundvelli rannsóknastyrkja. Sú tillaga var felld naumlega.

Málið var til umræðu á fyrsta fundi nýrrar stjórnar félagsins þann 3. júní 2020. Haldinn var fundur með fulltrúum FEDON þann 11. júní og í framhaldi af honum þann 31. ágúst 2020, var send viljayfirlýsing stjórnar Félags háskólakennara til stjórnar FEDON.

Hún er svohljóðandi: „Stjórnarárið 2020-21 skuldbindur stjórn Félags háskólakennara sig til að taka lög félagsins til endurskoðunar og þá sérstaklega 3. grein, en sú grein fjallar um réttindi til fullrar aðildar og aukaaðildar að félaginu. Markmið endurskoðunarinnar verður meðal annars að auka aðkomu doktorsnema og nýdókora að stjórnun og ákvarðanatöku innan félagsins. Endurskoðunin verður unnin í samráði við FEDON, félags doktorsefna og nýrannsækenda við Háskóla Íslands og verður tillaga stjórnar að breyttum lögum lögð fram á næsta aðalfundi Félags háskólakennara vorið 2021.”

Á stjórnarfundum þann 2. september 2020 var svo settur á fót undirhópur stjórnar Félags háskólakennara er falið var að skoða þessi mál sérstaklega og ennfremur að fá lögfræðilegt álit á efninu. Niðurstaða nefndarinnar og þar með stjórnar félagsins var að leggja fyrir aðalfund vorið 2021 breytingar á lögum félagsins þess efnis að félagsmenn sem ráðnir eru tímabundinni ráðningu á grundvelli rannsóknastyrkja, fái fulla aðild og þar með kjörgengi og atkvæðarétt. Það þýðir að texti sem er í lögum um aukaaðild fellur niður og að einn fulltrúi doktorsnema og nýdókora fær setu í stjórn félagsins til eins árs í senn.

Umsögn um endurskoðun reglna um framgang og ótímabundna ráðningu: Háskólaráð óskaði eftir umsögn félagsins við endurskoðaðar reglur um framgang og ótímabundna ráðningu akademískara starfsmanna Háskóla Íslands. Á stjórnarfundum þann 3. júní sl. var ákveðið að akademískir starfsmenn í stjórn félagsins myndu taka að sér þessa vinnu og var umsögn skilað á tilsettum degi, þann 19. júní sl.

Starfshópur að endurskoðuðu samkomulagi um umhverfi matskerfis opinberu háskólanna: Verkefnastjórn samstarfsnets opinberu háskólanna óskaði eftir því að kjarafélögin þrjú sem reiða sig á matskerfið við launaröðun, skipuðu sameiginlega einn fulltrúa þeirra í nefndina. Ákveðið var að Ármann Höskuldsson, vísindamaður, yrði fulltrúi félaganna þriggja, Fh, FPR og FHA, í nefndinni. Starfshópurinn skilaði af sér tillögu þann 27. ágúst 2020 sem fól í sér almenna uppfærslu samkomulags auk þriggja meginefnisbreytinga sem eru:

- i. Matskerfisnefnd og Vísindanefnd opinberu háskóla eru sameinaðar í eina nefnd, Matskerfisnefnd opinberra háskóla, til að gera kerfið skilvirkara. Alls muni sex fulltrúar sitja í nefndinni. Þrír frá Háskóla Íslands þ.á.m. formaður, hinir opinberu háskólarnir eiga einn fulltrúa, ráðuneytin eiga sameiginleg einn fulltrúa og kjarafélögin þrjú eiga einn sameiginlegan fulltrúa. Starfstími fulltrúa opinberu háskólanna og kjarafélaganna er að hámarki þrjú ár.
- ii. Að allir hlutaðeigandi aðilar, háskólar, ráðuneyti, og kjarafélög veiti umsögn á tilteknum tíma um breytingar á matskerfinu. Þetta er lagt til svo samráð aðila verði tryggt um mögulegar breytingar.

- iii. Kveðið er á um að málskotsnefnd skuli skipuð sérfræðingum sem ekki eru í ráðningarsambandi við háskólanna fjóra. Markmiðið er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur.

Ákveðið var að fyrsti fulltrúi kjarafélaganna þriggja Fh, FPR og FHA í matskerfisnefnd opinberu háskólanna (sbr. i lið) komi úr röðum FPR. Þórólfur Matthías prófessor var tilnefndur sem fulltrúi kjarafélaganna þriggja og Hólmfríður Garðarsdóttir varamaður. Stjórn félags háskólakennara hefur óskað eftir því að vera upplýst um gang mála, eftir því sem hægt er.

Landbúnaðarháskólinn (LBHÍ): Með bréfi sem barst stjórn félagsins þann 31. ágúst sl. var óskað eftir viðræðum við félagið um aðild starfsmanna skólans að félaginu. Að fengnu álit frá lögmanni BHM, ásamt ósk um frekari upplýsingum frá LBHÍ var málið tekið fyrir í stjórn félagsins. Ljóst var að breyta þarf lögum félagsins til þess að heimila frekari opnum á aðild en formanni og framkvæmdastjóra var falið að ræða frekar við fulltrúa (LBHÍ). Eftir nokkrar viðræður á milli fulltrúa skólans og félagsins, hefur ekki komið fram formleg ósk um félagsaðild starfsmanna LBHÍ.

Skipun starfshóps um greiðslufyrirkomulag kennslu: Rektor hefur skipað starfshóp um greiðslufyrirkomulag kennslu sbr. ákvörðun háskólaráðs dags. 7. janúar 2021. Með skipuninni er verið að uppfylla 3. tl. samkomulags HÍ og félagsins í tengslum við undirritun kjarasamnings í janúar 2020. Fulltrúi félagsins í hópnum er Berglind Eva Benediksdóttir.

Undanfari þessa starfshóps er starfshópur félagsins og fulltrúa samráðsnefndar um kjaramál HÍ, vegna reikniflokka og vinnuskyldu akademískra starfsmanna, sem var starfandi á vormánuðum 2020.

Skriflegt erindi stjórnar Fh fyrir stefnumótun HÍ: Stjórn félagsins sendi skriflegt erindi fyrir stefnumótun HÍ er snýr að ýmsum málefnum og réttindum félagsmanna, í mars 2021.

Kennsluþróunarstig fyrir kennara vegna COVID-19: Sameiginlegt bréf Fh og FPR var sent til formanns matsnefndar opinberu háskólanna dags. 25. júní sl. með tillögu félaganna um stig vegna sérstakrar vinnu kennara við námskeið og próf í ljósi aðstæðna vegna COVID-19.

Háskólaþing 13. nóvember 2020: Jens Guðmundur Hjörleifsson sat þingið fyrir hönd stjórnar Félags háskólakennara. Meginefni þingsins var mótun nýrrar heildarstefnu HÍ fyrir tímabilið 2021-2026.

BHM

Félag háskólakennara er fjórða fjölmennasta aðildarfélag bandalagsins og tekur virkan þátt í störfum þess og á eftirfarandi fulltrúa í stjórnnum og nefndum:

Stjórn BHM: Íris Davíðsdóttir ritari Félags háskólakennara var kosin í stjórn BHM á framhaldsaðalfundi bandalagsins hinn 9. september 2020. Hún var kosin varaformaður BHM á fundi stjórnar bandalagsins í mars 2021 fram að aðalfundi bandalagsins sem haldinn verður 27. maí nk. Þessi staða kom upp þegar formaður BHM lét af störfum sökum annarra starfa í mars 2021 og varaformaður bandalagsins tók við formennsku.

Formannaráðsfundir BHM: Baldvin Zarióh situr í formannaráði BHM. Íris Davíðsdóttir situr einnig fundina vegna stjórnarsetu í BHM.

Orlofssjóður BHM: Baldvin Zarióh var kosinn í stjórn orlofssjóðs BHM fyrir hönd félagsins á aðalfundi BHM í maí 2016 og af formannaráði árin 2018, 2019 og 2020 og hefur verið ritari sjóðsins.

Lagabreytingarnefnd BHM: Íris Davíðsdóttir hefur setið í lagabreytingarnefnd BHM.

Kjörstjórn BHM: Íris Davíðsdóttir situr í kjörstjórn BHM

Styrktarsjóður BHM: Ragna Steinarsdóttir hefur setið sem fulltrúi félagsins í stjórn Styrktarsjóðs BHM og hefur verið formaður sjóðsins síðastliðin starfsár. Á ársfundi sjóðsins í apríl sl. lét Ragna af formennsku og stjórnarsetu í sjóðinum.

Undirbúningsnefnd fyrir stefnumótunarbíng BHM: Íris Davíðsdóttir, tók sæti í nefndinni fyrir hönd félagsins haustið 2019.

Kjara og réttindanefnd BHM: Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri var kosin í kjara- og réttindanefnd BHM á aðalfundi 2018.

Jafnréttisnefnd BHM: Íris Davíðsdóttir, er varamaður í jafnréttisnefnd BHM.

Á framhaldsaðalfundi þann 26. nóvember 2020 var samþykkt nýtt gjaldamódel BHM. Aðildargjöld BHM hafa ætíð verið tiltekið hlutfall félagsgjalda en því var breytt í fastagjald pr. félagsmann frá 1. janúar 2021.

Málefni einstakra félagsmanna

Á skrifstofu félagsins leita fjölmargir félagsmenn með ýmis mál sem þeir óska eftir aðstoð við að fá úrlausn á. Vel hefur gengið að leysa úr erindum félagsmanna á liðnu starfsári og skrifstofa félagsins vill hvetja félagsmenn að hika ekki við að hafa samband ef eitthvað bjátar á í kjara- og/eða réttindamálum eða ef upplýsinga er þörf.

Erlent samstarf

Fundur sem fyrirhugaður var í Danmörku vorið 2020 var frestað vegna stöðu COVID-19. Þess í stað var haldinn fjarfundur þann 24. september 2020 þar sem meginþema fundarins var áhrif COVID-19 á háskólaumhverfið. Til stendur að haldinn verði staðfundur í ágúst nk. í Danmörku, en það hefur ekki verið staðfest. Fulltrúar Félags háskólakennara hafa óskað eftir því að framvegis fari fundir landanna fram á ensku.

Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH)

Á stjórnarfundum félagsins hinn 3. júní 2020 var lögð fram tillaga þess efnis að Íris Davíðsdóttir taki sæti í stjórn Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara (SFH) í stað Baldvins Zarióh sem vék úr stjórn. Tillagan var samþykkt einróma

Á fyrsta fundi stjórnar SFH á nýju starfsári 2020 hinn 15. júní, tók Íris Davíðsdóttir við sem formaður sjóðsins. Jens Guðmundur Hjörleifsson lektor, hefur setið í setið í stjórn sjóðsins fyrir hönd félagsins frá haustinu 2019.

Fulltrúar í sjóðnum fyrir hönd Háskóla Íslands eru Þóruna Dietz starfsmannastjóri Heilbrigðisvísindasviðs og Guðrún Margrét Eysteindóttir lögfræðingur á Starfsmannasviði.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Helga Birna Ingimundardóttir.

Alls voru haldnir 9 fundir í stjórn sjóðsins á starfsárinu. Áhrif heimsfaraldurs COVID-19 hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi sjóðsins eins sjá má í eftirfarandi töflu um tölulegar upplýsingar um sjóðinn frá 2017 – 2020.

Stjórn SFH samþykkti tillögu formanns á fundi stjórnar í febrúar sl. um að senda eftirfarandi upplýsingar til félagsmanna/sjóðfélaga: *„Stjórn Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara vill minna á að hægt er að sækja um endurgreiðslu vegna ýmis kostnaðar sem tengdur er markvissri starfsþróun félagsmanna. Þrátt fyrir að lítið sé um ferðir erlendis um þessar mundir er gott að hafa í huga að sjóðurinn styrkir t.a.m. skólagjöld, námskeiðsgjöld (þar með talin rafræn „online“ námskeið), rannsóknarmisseri (geta verið innanlands) og námsleyfi þar sem vinnuveitandi greiðir ekki allan ferðakostnað.“*

Á fundi stjórnar SFH þann 15. maí 2020 voru eftirfarandi breytingar gerðar á úthlutunarreglum sjóðsins, sem giltu frá 2. maí 2020.

- Grein 1.1, 6 mánuðir breytt í 3 mánuði.
- Grein 2.1.b, Setningin: *„þar með talin tungumála- og upplýsingatækninámskeið“* bætt við.
- Grein 2.1, liðnum: *„ritstjórnarfundir“* var bætt inn í upptalningu á þeim liðum sem ekki eru styrkhæfir.
- Grein 2.2, *„ákvæði til bráðabirgða“* tekið út, þar sem það á ekki lengur við.
- Grein 2.3.d verður: *„Umsókn um styrk skal berast sjóðnum innan árs frá lokum verkefnis eða formlegt nám hófst. Með lok verkefna er átt við að lyktir þess séu endanlegar, svo sem að námskeiði sé lokið, ráðstefnu sé lokið og svo framvegis. Með því að formlegt nám hafi hafist er miðað við dagsetningu skólaásetningar viðkomandi deildar/námseiningar. Almenn skal miða við 1. september varðandi haustmisseri/heilsárskráningu og við 1. febrúar varðandi vormisseri. Sýni umsækjandi fram á síðara tímamark skal miða við það.“*
- Grein 2.4.b verður: *„Félagsmaður í launalaus leyfi á rétt á styrk samkvæmt reglum sjóðsins fyrstu sex mánuði að öðrum skilyrðum uppfylltum. Félagsmaður þarf að skila inn með umsókn sinni vottorði frá vinnuveitanda sem staðfestir að viðkomandi sé í launalaus leyfi frá sínum vinnustað.“*
- Grein 2.4.c, 12 mánuðir verða 36 mánuðir.
- Grein 2.4.d ný grein: *„Félagsmenn halda réttindum sínum á því tímabili sem þeir fá greidda sjúkradagpeninga frá Styrktarsjóði BHM.“*
- Grein 2.4.e ný grein: *„Félagsmenn sem þiggja endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun halda réttindum í allt að 36 mánuði.“*

Á fundi stjórnar SFH þann 16. apríl sl., var eftirfarandi texti ákveðinn og tölvupóstur þess efnis sendur til félagsmanna:

„Stjórn Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara ákvað á fundi sínum þann 16. apríl 2021 að víkja tímabundið frá neðangreindu ákvæði í reglum sjóðsins og heimila að sækja megi um endurgreiðslu kostnaðar sem féll til á árinu 2020, fram til 1. október 2021. Er ákvörðunin tekin í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu vegna Covid-19 heimsfaraldurs.

Grein 2.3.d., 4. mgr. *Umsókn um styrk skal berast sjóðnum innan árs frá lokum verkefnis eða formlegt nám hófst. Með lok verkefna er átt við að lyktir þess séu endanlegar, svo sem að námskeiði sé lokið, ráðstefnu lokið og svo framvegis. Með því að formlegt nám hafi hafist er miðað við dagsetningu skólasetningar viðkomandi deildar/námseiningar. Almennt skal miða við 1. september varðandi haustmisseri/heildárskráningu og við 1. febrúar varðandi vomisseri. Sýni umsækjandi fram á síðara tímamark skal miða við það.“*

Tölulegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins á árunum 2017 til 2020 má sjá í eftirfarandi töflu:

Starfsár	2020	2019	2018	2017
Fjöldi umsókna	138	275	214	107
Samþykktar umsóknir	132	258	200	97
Ósamþykktar eða hætt við umsóknir	6	17	14	10
Styrkir sem greitt er fyrir:				
skólagjöld	32%	14%	17%	24%
námskeiðsgjöld	35%	9%	11%	11%
ráðstefnugjöld	10%	21%	20%	12%
námsferðir	0	0	0%	2%
kostnaður við flug	11%	29%	27%	28%
kostnaður við akstur	0,5%	2%	1%	0%
kostnaður við hótél	11,5%	25%	24%	23%
Greiddir styrkir kr.	16.113.637	34.497.513	21.847.214	11.119.267
Skipting umsókna eftir stofnunum og starfsheitum:				
HÍ	96%	91%	94%	90%
akademískir	26%	48%	48%	43%
stjórnsýsla	44%	30%	34%	32%
nemar og rannsóknarfólk	52%	22%	18%	23%
Landsbókasafn–háskólabókasafn, Raunvísindastofnun og Árnastofnun	4%	9%	6 %	10%

LOKAORÐ:

Í byrjum árs 2020 var skrifað undir nýjan kjarasamning sem gildir til ársins 2023. Það sem helst hefur einkennt starfsárið er vinna við ýmsa hluti í kjölfar þess kjarasamnings, meðal annars um styttingu vinnuvikunnar og gerð stofnanasamninga. Þá hefur félagið átt í mjög miklu og markvissu samstarfi við Samráðsnefnd HÍ um kjaramál sem hefur leitt af sér að mörgum umbótaverkefnum hefur verið lokið, s.s. gerð reglna fyrir vinnumatssjóð nýdoktora. Þá hefur einnig töluverðum tíma verið varin í breytingar á lögum félagsins með það í huga að ekki verði lengur um aukaaðild að félaginu að ræða og telur undirritaður að vel hafi tekist til þar.

Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra eru þökkuð fyrir afskaplega gott samstarf á líðandi starfsári.